

Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.
 Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
 legri birtingu hans undir aðför að lögum,

Mánudaginn 15. marzmán.

Nr. 18/1879

Guðmundur Bjarnason
 gegn

Bæjarfógeta E. Th. Jónassen.

Dómur:

Það eru tildrög þessa máls, að bæjarfógetinn í Reykjavík, sem skiptaráðandi, lét bjóða upp á opinberu uppboðsþingi 10. sept. 1877 eptirlátnar eigur Ástu sál. Guðmundsdóttir á Vegamótum í Reykjavík. Meðal muna þessara var bærinn Vegamót, er búið átti, og varð áfrýjandinn, Guðmundur Bjarnason, hæst bjóðandi að honum fyrir 100 kr. Í uppboðsskilmálum þeim, sem lagðir voru fram við uppboðið, var þess eigi getið, að hinir seldu munir yrðu tilslegnir með skilyrði, en um sölu á bænum í lok uppboðsins var tilfærð svohljóðandi athugasemd:

«Nr. 69, bærinn að Vegamótum, var boðinn upp að geymdum rjetti veðhafanda með því skilyrði, að það væri komið undir samþykki skiptarjettarins, hvort hæsta boð yrði samþykkt eða ekki, og skyldi hlutað-eiganda gefin vitneskja um það frá skiptarjettinum innan hálfis mánaaðar; bauð Guðmundur Bjarnason aðeins 100 kr., en aðrir eigi».

Af því, sem fram er komið í málinu, má sjá, að hinn 24. október 1877 eða 44 dögum eptir uppboðið, hefur sá maður, sem eptir löggildingu hjelt uppboðið fyrir bæjarfógetann, og sem einnig var innkröfumaður á þinu selda við uppboðið, krafið áfrýjandann um andvirði þess, er hann hafði keypt, alls 145 kr. 60 a., að

meðtöldu bæjarverðinu, 100 kr., og að áfrýjandinn hefur borgað af tjeði upphæð 100 kr., en ætlast til þess, að hið ávantandi gengi til jafnaðar á mótis við það, er hann ætti hjá búinu. Einnig sjest það af útskrípt þeirri, er lögð hefur verið fram um tekjur og útgjöld búsins, að því hefur verið talið bæjarverðið til inngjalda með þessum 100 kr., og er þetta einnig gjört af skiptaráðanda á skiptafundi, er haldinn var í búinu þann 20. janúar 1879.

Á hinn bóginn er það fram komið í málinu, að uppboðshaldari sá, sem hjelt uppboðið 10. sept. 1877, og sem einnig var skiptaráðandi í búinu, nokkru seinna en uppboðið var haldið, en ótilgreint hvenær, muni hafa sagt áfrýjandanum, að hann ekki fengi bæinn fyrir þær 100 kr., er hann hafði boðið, en ef hann vildi bæta 100 kr. við, þá skyldi hann fá hann með 12 vikna borgunarfresti, og hefði áfrýjandinn gengið að þessu boði, en ekki fullnægt því.

Sala þessi mun þarnæst af búsins hálfu hafa verið álitin sem úrgildi gengin, þaræð hinn stefndi uppboðshaldari við opinbert uppboð þann 9. júní f. á. hefur selt bæinn sem eign búsins fyrir 240 kr. gegn mótmælum áfrýjanda, er voru felld með úrskurði.

Úrskurði þessum og uppboðsgjörð er skotið til þessa rjettar og hefur áfrýjandinn með þeim ummælum, að uppboðið hafi farið fram án þess að nokkur hafi komið fram sem beiðandi uppboðsins, beint málinu að bæjarfógetanum í Reykjavík sem uppboðshaldara og stefnt honum að standa til rjettar fyrir úrskurð sinn og meðferð á málinu; hefur hann þvínæst gjört þá aðalrjettarkröfu, að hin umrædda uppboðsgjörð með undangengnum úrskurði og annari meðferð á málinu verði dæmd ómerk í heild sinni með eða án heimvísunar, eða þá svo mikið af henni, að áfrýjandinn fái tækifæri til

fyrir uppboðsrjettinum að setja fram sannanir þær, er hann þykist hafa fyrir eignarrjetti sínum að bænum. En ef þessi krafa verður ekki tekin til greina, hefur hann krafizt þess, að hinn stefndi greiði sjer í skaðabætur fyrir tjón það, er hann hafi haft af uppboðinu eptir mati óvilhallra manna, minnst 100 kr., og allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað. Svo hefur hann og skotið því til yfirdómsins, hvort ekki sje nægilegt tilefni til þess að beita sektum gagnvart hinum stefnda uppboðshaldara samkvæmt tilskip. 23. desbr. 1735 § 4.

Hinn stefndi, sem samkvæmt hinni útgefnu stefnu og innihaldi málsfærslu hans hefur mætt aðeins sem uppboðshaldari, en ekki lýst því yfir, að hann mætti fyrir hönd búsins, sem einnig er óstefnt, hefur þar á móti gjört þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgjörð verði staðfest, að áfrýjandinn verði skyldaður til að greiða málskostnað, og að talsmaður áfrýjandans verði sektaður fyrir ótilhlýðilegar kröfur gegn hinum stefnda uppboðsráðanda.

Hina fyrstu kröfu sína hefur áfrýjandinn byggt á því, að það hafi verið rangt að uppboðshaldarinn hafi haldið uppboðið af sjálfs dáðum, eða ex officio, án þess nokkur kresdist þess, og að requisitus ekki hafi haft nægilegt tækifæri til þess með eða án leiðbeiningar uppboðshaldarans að kynna sjer skjöl þau, er við uppboðshaldið voru lögð fram á móti honum. Að því er fyrra atriðið snertir getur rjetturinn ekki sjeð betur, en að með því að í byrjun uppboðshaldsins er beinlínis tekið fram, að fyrir hafi verið tekið að selja hinn umrædda bæ, tilheyrandi þúi Ástu Guðmundsdóttir, sbr. einnig uppboðsskilmálana, sje af hálfu uppboðshaldarans nægilega og beinlínis látið í ljósi, að uppboðssalan ekki fari fram öðruvísi en fyrir hönd búsins og eptir beiðni

umráðanda þess. Um hið annað atriði bera uppboðsgjörðirnar með sjer, að brjef það, dagsett 7. júní 1879, er var framlagt frá þeim uppboðshaldara, sem hjelt uppboðið 10. septbr. 1877, hafi verið áteiknað um framleggingu, og verður í sambandi við, að áfrýjandinn ekki hefur neitað því, að brjefið hafi verið framlagt við uppboðið, og af öðrum atriðum að álíta, að hann hafi haft bæði tækifæri og ástæðu til þess að geta sagt álit sitt um hin factisku atriði, er brjefið inniheldur, enda ber uppboðsgjörðin það með sjer, að áfrýjandinn hafi sjálfur þar á eptir beiðst úrskurðar um, hvort mótmæli sín yrðu tekin gild eða ekki, án þess að hann hafi óskað að færa meira sjer til málsvegar. Þar með er rjettlætt, bæði að uppboðshaldarinn ekki hefur veitt honum frekari leiðbeiningu, og að spursmálinu var ráðið til lykta með úrskurði. Aðalkrafa áfrýjanda verður því ekki tekin til greina.

Þar sem nú því næst kemur að þeirri rjettarkröfu áfrýjandans, að úrskurðinum og uppboðssölu þeirri, er við hann styðst, verði hrundið, er því strax, án þess lengra sje farið, til fyrirstöðu, að áfrýjandinn ekki hefur stefnt þeim seljanda eignarinnar, sem beinlínis er nefndur í uppboðsgjörðinni, og sem er bú Ástu sál. Guðmundsdóttur. Að vísu má sjá af skjölum málsins, að bú þetta er undir meðferð skiptarjettarins, og að það er þrotabú, samt að það er undir meðferð skiptaráðanda þess, sem hjer er stefndur sem uppboðshaldari, en þar af leiðir enganvegin, að það sje nægilegt til þess að ná fullnadarúrslitum gagnvart búinu, að stefna, eins og hjer hefur verið gjört, bæjarlógetanum fyrir uppboðshaldið, heldur verður að stefna skiptaráðandanum sem handhafa búsin fyrir þess hönd, en hann hefur búið til meðferðar ekki á sitt egið eindæmi, en með meira eða minna atkvæði þeirra, er hlut eiga að máli.

Áfrýjandinn hefur að vísu í stefnunni tekið fram, að þaræð enginn hafi komið fram sem beiðandi uppboðsins, þá haldi hann sjer til uppboðshaldarans, en þess var áður getið að uppboðsgjörðin sjálf ber með sjer, að salan fór fram fyrir hönd hins umrædda bús sem eiganda, og verður það því að skoðast sem beiðandi uppboðsins, er hafi þá ábyrgð sem af því leiðir.

Eptir hinum almennu grundvallarreglum laganna 1—4—1 má því ekki gjöra út um, hvort að búinu hafi, eptir sem á stóð, tilkomið rjettur til þess að selja eignina, og verður því að frávísa þessu atríði, og þá er aðeins eptir að meta, hvort þau störf, er uppboðshaldarinn hefur framkvæmt sem slíkur, án tillits til hins fyrra atríðis, skuli álitast þess eðlis, að þau beri að ógilda og honum að greiða skaðabætur.

Með því nú að eptir sem málið þannig fyrir liggur ekki verður talið í sjálfu sjer og skodað útaf fyrir sig vítavert, að uppboðshaldarinn hafi látið sölunni verða framgengt, en aðalábyrgðin fyrir hana, ef til kemur, verður að hvíla á þeim, fyrir hvers hönd uppboðið hefur verið framkvæmt, þá leiðir þar af, að uppboðshaldarann verður að frífinna fyrir hinum heimtuðu skaðabótum og öðrum rjettarkröfum, er standa í sambandi þar við.

Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, bæjarfógeti E. Th. Jónassen, á sem uppboðshaldari fyrir rjettarkröfum áfrýjanda í máli þessu frí að vera. Að öðru leyti frávisast málinu. Málskostnaður falli niður.